

Tillaga til þingsályktunar

um rásir fyrir búfenað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfenað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili en varð aldrei útrædd. Rétt þykir að gefa nýju þingi kost á að fjalla um málið og er tillagan því endurflutt óbreytt en upplýsingar sem fram koma í greinargerð hafa verið uppfærðar.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum árin 1994–2003 samkvæmt tölum frá Umferðarstofu:

Ár	Slys	Banaslys	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án meiðsla
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	123
1999	4	0	1	4	122
2000	2	0	0	2	206
2001	5	0	7	3	145
2002	8	0	1	12	254
2003	5	0	1	6	261

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár meira en fjórfaldast á þessu tíu ára tímabili sem upplýsingar liggja fyrir um. Alls hafa 66 manns slasast í þessum óhöppum, þar af 30 á árunum 2001–2003.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem lítið hefur verið til, er að setja upp girðingar meðfram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfenaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar meðfram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fé er rekið um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Þá kemur sama staða víða upp á sauðfjárþúum að vori og hausti þegar fé er á beit heima við en vegir skilja að beitarhólf og vatnsból eða fjárhús. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja framantöldum vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsaþólkum undir alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfænað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfænað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjarrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjarrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að hafin verði vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung, reka þarf kúr yfir vegi til mjalta eða bithagar nytjaðir beggja vegna vega. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá hættu sem af þessu getur stafað fyrir alla hlutaðeigandi, bæði menn og skepnur. Sú þróun sem nú stendur yfir í mjólkurframleiðslunni, og mun að öllum líkindum halda áfram næstu árin, einkennist af stækkandi búum og vaxandi tæknivæðingu. Þessi þróun kallar á stærri beitarhólf í næsta nágrenni kúabúa og því vart við öðru að búast en að rekstur nautgripa yfir þjóðvegi aukist frá því sem nú er. Með aukinni notkun sjálfvirkra mjaltþjóna verður þörfin fyrir vegrásir af þessu tagi enn meiri en áður þar sem kúr verða að hafa greiðan aðgang að fjósi allan sólarhringinn.

Flutningsmaður gerir ekki tillögu að sérstakri viðmiðun umferðarþunga í þessu sambandi enda getur reynst erfitt að draga mörkin aðeins við ákveðinn bílafjölda. Hins vegar er rétt að benda á að umferðaröryggisnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraness hefur ályktað um girðingar með fram vegum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að girt verði meðfram vegum þar sem 300 bílar eða fleiri fara að meðaltali um á dag að sumarlagi.

Víða um land er góð reynsla af umræddum búfjarrásum, sérstaklega hjá þeim kúabændum sem ella þyrftu daglega að reka kúrnar yfir þjóðvegi til mjalta eða beitar. Móta þarf samræmda stefnu í uppsetningu búfjarrása við alla vegagerð. Sömuleiðis þarf að setja upp framkvæmdaáætlun um uppsetningu rása þar sem umferð er þung og rásirnar því nauðsynlegar til að auka öryggi í umferðinni. Bændur hafa tekið þátt í kostnaði við gerð búfjarrása, en ósamræmi hefur verið í kostnaðarskiptingunni. Líta má á rásirnar sem öryggisbúnað á vegum landsins og eiga þær því að falla undir kostnað Vegagerðar ríkisins.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.

